

# Læsisstefna Ártúnsskóla



## Formáli

Ártúnsskóli er samrekinn grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili, allt starf skólans byggir á einkunnarorðum hans; Árangur - Virðing – Vellíðan.

Markvisst er stefnt er að því að ná góðum árangri í læsi nemenda við skólann og er læsisstefna þessi grunnur að þeirri vegferð. Læsisstefnan er hugsuð sem vinnugagn fyrir kennara og starfsfólk, auk þess er henni ætlað að vera upplýsandi fyrir foreldra. Læsisstefnan er lifandi plagg og þarf að vera í sífelldri endurskoðun.

Grunnþættirnir; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eru hafðir að leiðarljósi í læsisstefnunni eins og öllu starfi skólans.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur .....	5
Markmið leikskóla .....	6
Markmið grunnskóla .....	7
Markmið við lok 4 bekkjar .....	7
Markmið við lok 7 bekkjar .....	8
Samræmdar leiðir.....	8
Leikskóla stig.....	9
Yngra stig grunnskóla .....	9
Miðstig grunnskóla .....	11
Frístund.....	11
Hlutverk kennara .....	12
Leikskóla stig.....	12
Yngra stig .....	12
Miðstig.....	12
Þvert á öll stig .....	13
Tvítyngdir nemendur .....	13
Námsörðuleikar .....	13
Hlutverk foreldra .....	13
Leikskóli .....	14

Grunnskóli .....	14
Stefnumörkun árganga.....	14
1 - 3 ára.....	14
4 - 5 ára.....	16
1. bekkur.....	17
2. bekkur.....	20
3. bekkur.....	22
4. bekkur.....	24
5. bekkur.....	26
6. bekkur.....	29
7. bekkur.....	31
Lokaorð.....	34

## Inngangur

Tilgangur læsisstefnu Ártúnsskóla er að samhæfa kennslu þeirra aðila sem koma að læsi nemenda við skólann. Aðkoma og samstarf alls skólasamfélagsins skiptir máli svo að vel takist til. Samvinna nemenda, foreldra, annara aðstandenda, kennara, skólastjórnenda og skólafagfólks er nauðsynleg til að vel gangi í læsisferlinu. Skólaumhverfið, skólastofan og skólasafnið þurfa að vera lestrarhvetjandi ásamt jákvæðum skólaanda.

Læsisstefnunni er ætlað að mynda samfellu í lestrarnámi nemenda skólans alveg frá fyrstu árum leikskóla til loka skólagöngu við 12 ára aldur. Er hún sett fram með rökstuddum markmiðum fyrir hvert skólastig, með mismunandi útfærslum og áherslum út frá þroska og aldri nemenda.

Í læsisstefnunni eru eftirfarandi grunnstoðir hafðar að leiðarljósi: orðaforði, lesskilningur, skapandi tjáning og rökræður. Þessar stoðir skarast á margvíslegan hátt innbyrðis og eiga samhljóm með grunnþáttum aðalnámskrár grunnskóla; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnur að lestrarnámi barna er lagður á leikskólastigi þar sem unnið er með málörvun, málskilning og orðaforða. Mikilvægt er að vel takist til í upphafi því lestur byggist á færni í tungumálinu. Lestrarferlið hefst á þekkingu bókstafa og hljóða, orðmynda og setninga. Síðar kemur lesfimi, leshraði og lesskilningur.

Mikilvægt er að lestrarkennslan og námið geri nemandann að sjálfstæðum lesara þannig að hann verði fær um að velja lesefni sem hæfir námi hans, þörf og áhuga. Einnig að hann geri sér grein fyrir gæðum þess að búa yfir lestarformi sem veitir honum ánægju af lestrinum og góðan lesskilning, til þess þarf nemandinn að geta beitt mismunandi aðferðum við lesturinn.

Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms, bæði bóknáms og ævináms hvers einstaklings í samfélaginu.

“Lærdómur er fjársjóður sem fylgir eiganda sínum hvert sem hann fer” (Íslenskur málsháttur)

## Markmið leikskóla

Í leikskóla er unnið út frá markmiðum Aðalnámskrár leikskóla 2011. Þar segir að leikskólanum beri að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði
- Kynnast tungumálinu og möguleikum þess
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- Þróa læsi í víðum skilningi
- Öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu
- Deila skoðunum sínum og hugmyndum
- Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða

## Markmið grunnskóla

Í grunnskóla er unnið út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013.

### Markmið við lok 4 bekkjar

Að nemandinn geti:

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju

## Markmið við lok 7 bekkjar

Að nemandinn geti:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga,
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær,
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

## Samræmdar leiðir

Áhersla er á að byggja upp samfellu í lestrarkennslu innan skólans í öllum deildum hans, grunnskóladeild, leikskóladeild og skólaseli. Þetta verður meðal annars gert með sameiginlegum áherslum og átökum eins og innleiðingu á PALS og K-PALS og „Leikur að læra“ fyrir alla kennara



og leikskólakennara. Á sameign skólans er að finna möppuna „Lestur“ þar er læsisstefnan aðgengileg, fyrirkomulag skólans á lestrarþjálfun, yfirlit yfir lesskilningsaðferðir og ýmiskonar hugmyndir og verkefni til lestrarkennslu.

## Leikskóla stig

Í leikskólanum er lagður grunnur að þroska barna sem læsinnám þeirra byggir á síðar á þroskabrautinni, hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) er notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Lögð er sérstök áhersla á að leikskólinn sé í lykilstöðu til að finna og styðja á markvissan hátt við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda til þess að dragast ekki aftur úr í málþroska og læsi.

Markvisst er lögð áhersla á að efla mál og læsi allra barna og stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og þroska og síðar í lífinu öllu.

Grunnstoðir læsisstefnu leikskóladeildarinnar eru; leikur, málörvun, málskilningur og máltjáning. Gerð er læsisáætlun fyrir hverja deild að hausti.

Unnið hefur verið að þróunarverkefninu: Lestur er bestur ; Heildstæð lestrarstefna Ártúnsskóla, með megin áherslu á málþroska, lestrarfærni og lesskilning. Markmiðið er að þróa aðferðir og áherslur í læsinnámi barna í Ártúnsskóla. Ávinningur fyrir nemendur felst í því að allur skólinn vinnur eftir sömu áætlun leik-, grunn- og frístund, sem hefur það markmið að stuðla að bættu læsi allra. Út frá læsisstefnu skólans verður unnin verkáætlun fyrir starfsfólk á öllum stigum sem tengir saman málþroska, lestrarfærni og lesskilning. Aðkoma og ábyrgð foreldra í lestrarþjálfun barnanna alla skólagönguna verður skilgreind. Áhersla er á að allt starfsfólk leggi sig fram um að vekja áhuga barna á læsi með fjölbreyttum aðferðum.

## Yngra stig grunnskóla

Markvisst er unnið að málörvun og stafakennslu við upphaf skólagöngu og í framhaldi er unnið markvisst að lestrarþjálfun. Lesskilningur og leshraði koma síðar eftir getu hvers og eins. Kennarar mæta hverjum nemanda í lestrarnáminu með því að beyta ýmsum kennsluáðferðum

bæði samtengjandi sbr. hljóðaaðferð og sundurgreinandi sbr. LTG. Stafainnlögn hefst að hausti með einum staf á viku en frá og með annari önn eru tveir stafir lagðir inn á viku. Þegar nokkrir sérhljóðar og samhljóðar hafa verið lagðir inn er farið að tengja hljóð og stafi saman og algengar orðmyndir komnar þá fá nemendur léttlestrarhefti til lestrar. Lögð er áhersla á skrift og ritun því mikil tengsl eru á milli þessara þátta og lestrarnámsins.

Áhersla er á fjölbreyttar kennsluaðferðir og lestrarhvetjandi skólaumhverfi með góðum aðgangi að námsbókum, fræðibókum, skáldritum, púsluspilum, spilum, námsleikjum í tölvum og spjaldtölvum. Leitast er við að beita snemmtækum íhlutunum ef grunur um lestrarörðugleika vaknar.

Í töflum hér síðar má sjá nánari útlistun á lestrarnáminu.

Sameiginlegir áhersluþættir eru:

- Daglega er lesið fyrir nemendur mismunandi bókmenntir, orð útskýrð, merking orða rædd og innihald texta.
- Allir nemendur lesa upphátt fyrir starfsmann í skólanum a.m.k. 3 sinnum í viku
- Allir nemendur lesi a.m.k. 5 sinnum í viku heima
- Nemendur lesi 2-3 sinnum hverja blaðsíðu eða í samráði við umsjónarkennara
- Markvisst unnið með málnotkun og lestrarfærni
- Framsögn, framkoma, túlkun og tjáning æfð fyrir föstudagssamveru
- Nemendur hafa bæði heimalestrar- og frjálislestrarbók
- Orðasafn bekkjar þar sem nemendur safna nýjum orðum í sameiginlega sarp
- Bekkjarbókasafn í heimastofum með margbreytilegum bókum
- Nemendur hafa ávallt aðgang að bókum í heimastofu og/eða á skólasafni
- Amboð fyrir framsögn, virka áheyrendur, skrift, greinamerki, orðmyndir og fyrimyndar setningar eru sýnileg á veggjum kennslustofa

## Miðstig grunnskóla

Á miðstigi er lögð áhersla á leshraða, lesfimi (hraði og framsögn) og lesskilning. Auk þess er unnið með lesfærni og framsögn, bæði í bókmenntum og ljóðalestri.

Áfram er lögð megináhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og lestrarhvetjandi skólaumhverfi með góðum aðgangi að námsbókum, fræðibókum, skáldritum og texta í tölvum.

Sameiginlegir áhersluþættir eru:

- Mismunandi bókmenntir eru lesnar daglega fyrir nemendur, orð útskýrð, merking orða rædd og innihald texta.
- Allir nemendur lesa daglega heima, bæði yndislestur og í námsbókum
- Markvisst unnið með málnotkun og lestrarfærni
- Framsögn, framkoma, túlkun og tjáning æfð fyrir föstudagssamveru
- Nemendur hafa bæði heimalestrar- og frjálislestrarbók
- Nemendur hafa ávalt aðgang að bókum í heimastofu og/eða á skólasafni
- Amboð fyrir framsögn, virka áheyrendur, skrift, greinamerki og fyrirmyndar setningar eru sýnileg á veggjum kennslustofa

## Frístund

Í frístund er leitast við að hafa lestrarhvetjandi umhverfi með góðum aðgangi að fræðibókum, skáldritum, pússluspili, spilum, krossgátum, námsleikjum í tölvum og spjaldtölvum. Unnið er með læsi á fjölbreyttan hátt þar sem lögð er áhersla á orðaforða, skapandi tjáningu, málskilning, rökræður og sögustundir

- Jákvætt viðhorf til lesturs
- Yndislestur
- Sögustundir
- Bókarýni

## Hlutverk kennara

Kennarinn gegnir lykilhlutverki í lestrarnámi nemenda, hann er fagmaður og verkstjóri sem vinnur í samstarfi við foreldra. Kennarinn sér um kennsluna, heldur utan um lestrarþjálfunina, hvetur nemendur áfram og byggir upp áhuga og jákvæðni hjá nemendum. Hugar hann sérstaklega að nemendum sem glíma við erfiðleika í lestrarnáminu, s.s. tvítyngdum nemendum, nemendum með málþroskavanda, einhverfum og þeim sem eru með dyslexíu. Kennarinn sækir sér endurmenntun, ráðgjöf og framþróun í starfi á námssíðum og námskeiðum eftir þörfum.

## Leikskóla stig

Hlutverk leikskólakennara er að vinna með bernskulæsi (emergent literacy) þ.e. undirbúa leikskólabörn undir lestrarnámið. Í bernskulæsinu er ákveðin færni, þekking og viðhorf þjálfuð svo barnið nái þroska til að takast á við lestrarnámið síðar. Leikskólakennarinn á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, vera góð fyrirmynd í starfi og málfyrirmynd. Hann þarf að stuðla að jákvæðu námsumhverfi og bókamenningar, bæði í bundnu og óbundnu máli, með því að gera bækur að spennandi kosti hjá leikskólabörnum. Leikskólakennarinn eykur áhuga nemenda með því að lesa daglega fyrir börnin og ræða um innihald textans.

## Yngra stig

Hlutverk kennara er að vera vel að sér í læsi (reading literacy) og lestrarkennslu og vera góð lestrar- og málfyrirmynd fyrir nemendur. Kennarinn þarf að þekkja vel þroskaferil barna og haga kennsluháttum eftir því. Hann þarf að stuðla að því að námsumhverfið sé jákvætt og örvandi til lestrar m.a. með sýnilegum amboðum á veggjum og bekkjarbókasafni. Kennarinn hvetur nemendur til lesturs, opnar fyrir nemendum heim bókmennta, gefur góðan og margbreytilegan tíma til lesturs, fylgist með framgangi lestrarnámsins og gefur foreldrum ráð við lestrarnámið heima.

## Miðstig

Hlutverk kennara er að vera vel að sér í lestrarnámi ásamt lestrarþjálfun og vera góð lestrar- og málfyrirmynd fyrir nemendur. Kennarinn þarf að þjálfra lesfimi og lesskilning markvisst hjá nemendum. Hann þarf að stuðla að því að námsumhverfið sé jákvætt og örvandi til lestrar m.a. með sýnilegum amboðum á veggjum og fjölbreyttu lesefni. Kennarinn hvetur nemendur til lesturs, opnar fyrir nemendum heim bókmennta, kveikir áhuga á fræðibókum, gefur góðan og margbreytilegan tíma til lesturs, fylgist með framgangi lestrarfærni nemenda og framsögn.

## **Þvert á öll stig**

### **Tvítyngdir nemendur**

Unnið er að sömu markmiðum á öllum aldurstigum hjá tvítyngdum nemendum eins og hjá öðrum nemendum skólans að teknu tillit til stöðu þeirra í námi og íslensku getu þeirra. Leitast er við að brúa bilið á milli málþroska þeirra í móðurmáli þeirra og íslenskunni. Unnar eru einstaklingsáætlanir í lestri og ritun fyrir þá nemendur sem það á við. Aðlaga þarf námsefni og kennsluaðferðir til að efla orðaforða, málskilning og lesskilning. Notast þarf við myndmál og áþreifanlega hluti til að efla orðaforða og lestur. Nemendur eru hvattir til að lesa bæði á íslensku og móðurmáli sínu.

### **Námsörðuleikar**

Áhersla er á að beita snemmtækum íhlutunum þegar grunur vaknar um erfiðleika í lestrarnámi nemenda. Á þar við nemendur með málþroskavanda, einhverfum og þeim sem eru með leshömlun (dyslexíu) og/eða skriftarhömlun (dysgraphia) ásamt fleiri námsörðugleikum. Unnar eru einstaklingsáætlanir í lestri og ritun fyrir þá nemendur sem það á við.

## **Hlutverk foreldra**

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barna sinna. Þeir þurfa að viðhalda jákvæðu viðhorfi til lestrarnáms og vera hvetjandi í ferlinu. Glæða áhuga barna þeirra á lestri og viðhalda honum. Vert er að hafa í huga að nemandi sem les 1 mínútu á dag les 180 mín. á einu skólaári eykur orðaforða sinn um 8000 orð á ári. En sá sem les 20 mín. á dag les 3.600 mín. á einu skólaári og eykur orðaforða sinn um 1.800.000 orð á ári. Á þetta bæði við þegar nemandinn les sjálfur og þegar lesið er fyrir hann. Þrátt fyrir að nemandi hafi náð einhverri lestrarfærni, er áhrifarík að lesa fyrir hann til að auka orðaforða hans og málskilning. Árangursrík er að setja daglega lestrarstund í dagskrá fjölskyldunnar og eiga sameiginlega gæðastund við lestur. Foreldrar geta einnig séð til þess að börnin hafi góðan aðgang að bókum eða rafrænu lesefni á heimilinu eða t.d. með reglulegum ferðum á bókasöfn.

## Leikskóli

Foreldrar leikskólabarna gegna mikilvægu hlutverki í málþroska og málnotkun barna sinna. Þeir eru fyrirmyndir í tungumálinu, málnotkun og lestrarvenjum. Nauðsynlegt er að lesa reglulega fyrir börn sín og ræða saman um innihald bókarinnar. Foreldrar þurfa að viðhalda jákvæðu viðhorfi til bóka og lestrar og sjá til þess að eiga gæða lestrarstundir með börnum sínum.

## Grunnskóli

Kennarar sjá um lestrarkennsluna og skipulag með lestrarnáminu. Foreldrar sjá aftur á móti um að þjálfa daglega lestrarfimi barna sinna undir verkstjórn kennarans, þar sem lesfimi er æfð með upplestri, endurteknum lestri og yndislestri. Foreldrar þurfa að taka virkan þátt í læsirnámi barna sinna og hlusta af athygli á lestur þeirra, ræða innihald texta til að auka lesskilning og orðaforða. Foreldrar geta einnig þjálfað þessa þætti með því að lesa reglulega fyrir og með börnum sínum.

## Stefnumörkun árganga

Til að lestrarnámið verði markvissara og heilsteyptara, er hver árgangur með skýra útlitun á leiðum og markmiðum sem hæfa hverju aldurstigi. Þættir undir hverjum árgangi eru m.a. markmið, viðmið um árangur, kennsluaðferðir, matstæki og hlutverk starfsmanna og foreldra. Er útlitun á þáttunum m.a. ætlað að tryggja það að lestrarnámið verði markvisst og heilsteypt; og að allir vinni að sömu markmiðum.

### 1 - 3 ára

Læsisstefna fyrir 1-3 ára				
Grunnstoðir: Leikur, málörvun, málskilningur, máltjáning				
Markmið-efnisþættir-inntak	Viðmið um árangur	Kennsluaðferðir og áherslur	Matstækni	Annað
				Hlutverk foreldra
<ul style="list-style-type: none"> <li>Tenging orða -frásögn</li> <li>Orðaforði úr nánasta umhverfi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þróa með sér frásagnarhæfni í leik og samskiptum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Börnin æfð í að setja orð á alla hluti</li> <li>Lesið fyrir börnin daglega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgst með börnunum í leik og starfi - dagbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrum kynntar að hausti kennsluaðferðir og leiðir til að efla orðaforða og málskilning</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukinn orðaforði út frá myndum og táknum</li> <li>• Unnið með atkvæði orða og hrynjanda (klappa atkvæði)</li> <li>• Hljóðkerfisvitund eflid</li> <li>• Framburður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tjáð sig í heilum setningum</li> <li>• Temji sér skýran framburð</li> <li>• Þekki nafn sitt á prenti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sungið með börnunum og þeim kenndar vísur</li> <li>• Börnin þjálfuð í leik og starfi að hlusta, horfa, tjá sig í tali, dansi, tónum, myndum</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín</li> <li>• Foreldrar hvattir til að ræða við og hlusta á börn sín</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>				<b>Hlutverk leikskólakennara</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Virk hlustun í leik og starfi</li> <li>• Skilningur á orðum og einföldum setningum</li> <li>• Skilningur á samhengi í tali og í lesnum texta</li> <li>• Umhverfislæsi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti hlustað á fyrirmæli</li> <li>• Geti hlustað á samnemend.</li> <li>• Geti tekið þátt í samræðum</li> <li>• Geti hlustað hlustað á sögur og söngtexta</li> <li>• Geti lýst atburði</li> <li>• Geti sagt sögu</li> <li>• Geti lesið í umhverfið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið og sungið fyrir og með börnum</li> <li>• Umræður um efni texta</li> <li>• Nemendur endursegja texta</li> <li>• Börnin segja sögur</li> <li>• Börnin lýsa atburðum og segja frá</li> <li>• Börnin taka þátt í samræðum og hlusta á aðra</li> <li>• Börnin þjálfuð í að lesa í umhverfið</li> <li>• Unnið með orðaforða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgst með börnunum í leik og starfi - dagbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leikskólakennarar og starfsfólk lesi daglega fyrir leikskólabörnin</li> <li>• Unnið með hljóðkerfisvitund og hún þjálfuð</li> <li>• Hlustun þjálfuð</li> <li>• Unnið með bókstafi og hljóð í leik og starfi</li> <li>• Unnið með orðaforða, málskilning og málvitund</li> <li>• Unnið með framburð og setningamyndun</li> </ul>
<b>Skólasafn</b>	<b>Sérkennsla</b>	<b>Námsefni- tillögur</b>	<b>Kennaraefni og handbækur</b>	<b>Skipulag skóla</b>
Bókaval og sögustundir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Snemmtæk íhlutun - stuðningur, sérkennsla og skimanir</li> <li>• Tvítyngd börn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bækur, diskar, námsspil, tölvuforrit.</li> <li>• Söngtextar, vísur, ljóð og þulur</li> <li>• Leir, sandur, málning, búningar, smámunir o.fl. efni fyrir skapandi vinnu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljáðu mér eyra</li> <li>• Leggðu við hlustir</li> <li>• Markviss málörvun</li> <li>• Eflum lesskilning</li> <li>• Sögugrunnur</li> <li>• Tölum saman</li> <li>• Hring eftir hring</li> <li>• Handbækur kennara af skólasafni númeraðar: 370-372.8, 410, 790 og 810-819</li> </ul>	

## 4 - 5 ára

## Læsisstefna fyrir 4-5 ára

## Grunnstoðir: Leikur, málörvun, málskilningur, máltjáning

Markmið-efnisþættir-inntak	Viðmið um árangur	Kennsluaðferðir og áherslur	Matstækni	Annað
				Hlutverk foreldra
<ul style="list-style-type: none"> <li>Tenging orða -frásögn</li> <li>Orðaforði úr nánasta umhverfi</li> <li>Aukinn orðaforði út frá myndum og ritmáli</li> <li>Unnið með atkvæði orða og hrynjanda (klappa atkvæði)</li> <li>Hljóðkerfisvitund efld</li> <li>Framburður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þrói með sér frásagnarhæfni í leik og samskiptum</li> <li>Þekki myndir nokkurra algengra orða</li> <li>Geti tjáð sig í heilum setningum</li> <li>Temji sér skýran framburð</li> <li>Geti tjáð sig um nánasta umhverfi</li> <li>Þekki nafn sitt á prenti og geti skrifað það</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samtöl sem byggja á gagnvirkum samskiptum og stuðla að sameiginlegum skilningi og styðja við tjáningu og frásagnarhæfni barna</li> <li>Samskipti og umræður um tilfinningar, líðan og upplifun</li> <li>Lesið fyrir börnin daglega</li> <li>Sungið með börnunum og þeim kenndar vísur</li> <li>Börnin hvött og þjálfuð í leik og starfi til að; hlusta, horfa, tjá sig í tali, dansi, tónum, mynd</li> <li>K-PALS lestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgst með börnunum í leik og starfi – dagbók</li> <li>Hljóm-2</li> <li>TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldrum kynntar að hausti kennsluaðferðir og leiðir til að efla orðaforða og málskilning</li> <li>Foreldrar hvattir til að lesa fyrir og með börnum sínum daglega</li> <li>Foreldrar hvattir til að ræða við og hlusta á börn sín</li> <li>Foreldrar hvattir til að lesa og skoða myndabækur með börnum sínum</li> </ul>
<b>Skilningur og viðhorf</b>				Hlutverk leikskólakennara
<ul style="list-style-type: none"> <li>Virk hlustun í leik og starfi</li> <li>Skilningur á orðum og einföldum setningum</li> <li>Skilningur á samhengi í tali og í lesnum texta</li> <li>Umhverfislæsi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Geti hlustað á fyrirmæli</li> <li>Geti hlustað á aðra og tekið þátt í samræðum</li> <li>Geti sagt skoðun sína</li> <li>Geti hlustað á sögur og söngtexta</li> <li>Geti lýst atburði á skýran hátt</li> <li>Geti endursagt stuttan texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður um efni texta</li> <li>Börnin taka þátt í samræðum og hlusta á aðra</li> <li>Börnin segja skoðun sína</li> <li>Börnin endursegja texta</li> <li>Börnin lýsa atburðum og segja frá</li> <li>Börnin segja sögur</li> <li>Börnin hlusta á sögur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgst með börnunum í leik og starfi - dagbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leikskólakennarar og starfsfólk lesi daglega fyrir leikskólabörnin</li> <li>Unnið með hljóðkerfisvitund og hún þjálfuð</li> <li>Hlustun þjálfuð</li> <li>Unnið með bókstafi og hljóð í leik og starfi</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti sagt sögu</li> <li>• Geti parað saman myndir og einföld orð</li> <li>• Geti lesið í umhverfið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin þjálfuð í að lesa í umhverfið</li> <li>• Unnið með orðaforða</li> <li>• Atkvæði klöppuð í orðum</li> <li>• Grunnur lagður fyrir lesskilning</li> <li>• Vinna með rím og ljóð</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með orðaforða, málskilning og málvitund</li> <li>• Unnið með framburð og setningamyndun</li> <li>• Rétt blýantsgrip þjálfað</li> </ul>
Skólasafn	Sérkennsla	Námsefni- tillögur	Kennaraefni og handbækur	Skipulag skóla
Bókaval og sögustundir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Snemmtæk íhlutun - stuðningur, sérkennsla og skimanir</li> <li>• Tvítyngd börn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bækur, diskar, námsspil, tölvuforrit</li> <li>• Söngtextar, vísur, ljóð og þulur</li> <li>• Leir, sandur, málning, búningar, smámunir o.fl. efni fyrir skapandi vinnu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljáðu mér eyra</li> <li>• Leggðu við hlustir</li> <li>• Markviss málörvun</li> <li>• Tölum saman</li> <li>• Orðahljóð</li> <li>• Lubbi finnur málbein</li> <li>• Leikum og lærum með hljóðin</li> <li>• Eflum lesskilning</li> <li>• Fjölgreindir í skólastofunni</li> <li>• Handbækur kennara af skólasafni númeraðar: 370-372.8, 410, 790 og 810-819</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinabekkjarmeisókn 4. bekkur les fyrir leikskólabörn</li> </ul>

## 1. bekkur

Stefnumörkun fyrir 1. bekk				
Grunnstoðir: Orðaforði, lesskilningur, skapandi tjáning, rökræður				
Markmið-efnisþættir – inntak	Viðmið um árangur	Kennsluaðferðir og áherslur	Matstæki	Annað
Tækni-leikni-hraði	Færni		Kannanir og próf	Hlutverk foreldra
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stafavinna</li> <li>• Tenging stafa og hljóða</li> <li>• Lestur algengra orðmynda</li> <li>• Lestrartextar við hæfi</li> <li>• Lestur á eigin texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir alla stafi og hljóð þeirra</li> <li>• Tengir saman tvö hljóð eða fleiri</li> <li>• Les einfaldan texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stafainnlögn</li> <li>• Hljóðaaðferð</li> <li>• LTG- lestraraðferð</li> <li>• Markviss málörvun</li> <li>• Hljóðkerfisvitund efla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <u>Lesferill</u>; lesfimi (lestrarhraði) prófaður 1-3 á ári eftir getu Lesskimun (okt.), nefnuhraðapróf, sjónrænn orðaforði, orðleysupróf (einstaklingsbundið)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrar fá afhentan bæklinginn <i>Það er gaman að lesa!</i></li> <li>• Foreldrum kynntar kennsluaðferðir skólans í lestri að hausti</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhugi vakinn á texta í umhverfinu</li> <li>• Yndislestur</li> <li>• Fingur notaður sem stuðningur við lestur</li> <li>• Unnið með atkvæði orða og hrynjanda (klappa atkvæði)</li> <li>• Unnið með rím, samsett orð og orðbúta</li> <li>• Hljóðavitund þjálfuð</li> <li>• Hlustunarskilningur</li> <li>• Lesskilningur</li> <li>• Kórlestur, endurtekinn lestur, flettisþjöld (sjá sameign)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkir sérhljóða og samhljóða</li> <li>• Þekkir nokkrar algengar orðmyndir</li> <li>• Parar saman myndir og orð/setningar</li> <li>• Endursegir stuttan texta</li> <li>• Markmið leshraða að vori, orð á mínútu: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Lágmarksviðmið 20 orð</li> <li>- Almenn viðmið 55 orð</li> <li>- Metnaðarfull viðmið 75 orð</li> </ul> </li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Algengar orðmyndir: flettisþjöld, orðasafn, orðarbingó, orðaspil, orðasamstæðuspil</li> <li>• K-PALS lestur</li> <li>• Heimalestur daglega</li> <li>• Nemendur lesa einstaklingslega fyrir kennara 3-5 sinnum í viku</li> <li>• Þemavinna: sögustundir, rökræður, hugmyndaflug, myndræn útfærsla</li> <li>• Heimildaleit, t.d. fletta myndabókum, lesa undir myndum og leita upplýsinga á netinu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Boehm - hugtakakönnun</li> <li>• Stafa- og hljóðakönnun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrar hvattir til að lesa fyrir og með börnum sínum daglega</li> <li>• Foreldrar hvattir til að lesa og skoða myndabækur með börnum sínum</li> <li>• Foreldrar hjálpi börnum sínum við lestur í 10-15 mínútur 5 sinnum í viku að lágmarki og kvitti fyrir í heimalestrarhefti</li> <li>• Börnin lesi upphátt hverja blaðsíðu 2-3 sinnum yfir í hvert sinn þangað til að vissri færni er náð</li> </ul>
Skilningur	Viðhorf		Símat og daglegt eftirlit	Hlutverk kennara
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilningur á orðum, hugtökum og einföldum setningum</li> <li>• Skilningur á samhengi í lesnum texta</li> <li>• Áhugi á texta í umhverfinu</li> <li>• Rökræður</li> <li>• Ályktunarhæfni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvætt viðhorf til lesturs</li> <li>• Lesi, skoði bækur eða hlusti á lestur allt að 40 mínútum á dag í skóla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með rím og ljóð</li> <li>• Atkvæði klöppuð í orðum</li> <li>• Sundurgreining hljóða</li> <li>• Forhljóð, miðjuhljóð og endahljóð</li> <li>• Umskráning frá hljóðum yfir í orð og öfugt</li> <li>• Grunnur að lesfimi lagður</li> <li>• Orðaforði aukinn</li> <li>• Grunnur að ritun lagður</li> <li>• Umræður um efni texta</li> <li>• Nemendur endursegja texta</li> <li>• Nemendur segja sögur og skrifa ef þeir geta, annars með aðstoð</li> <li>• Tengja saman lestur og ritun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennari kannar lesskilning í daglegum lestri</li> <li>• Markvisskráning kennara á lestrarframvindu nemenda</li> <li>• Hlustunarkönnun kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mikilvægt er að mæta þörfum nemenda sem farnir eru að lesa við upphaf skólagöngu</li> <li>• Unnið með bókstafi, hljóð og orðaforða</li> <li>• Skráning og eftirfylgni kennara með heimalestri</li> <li>• Kennari skrái ástundun í heimalestri á vitnisburðablað sem vetrareinkunn</li> <li>• Kennarar lesi fyrir þekkingu í nestis- og næðisstundum valin bókmenntaverk</li> <li>• Kennari les fyrir nemendur daglega og útskýrir orð, hugtök, merkingu og innihald texta</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennari les fyrir nemendur daglega og útskýrir orð, merkingu og innihald texta</li> <li>• Bekkjarbókasafn</li> <li>• Lestrarhvetjandi umhverfi: námsbækur, fræðibækur, skáldrit, púsl, spil, námsleikir í tölvum og spjaldtölvum</li> <li>• Frjáls/daglegur lestur</li> <li>• Yndislestur – stýrður</li> <li>• Endurtekinn lestur</li> <li>• Ritun</li> <li>• Rétt blýantsgrip þjálfað</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rökræður út frá sögu</li> <li>• Unnið með orðaforða, málskilning og málvitund</li> <li>• Hlustun þjálfuð</li> <li>• Ef nemandi les ekki heima alla jafna þá þarf umsjónarkennari að tryggja að hann lesi daglega í skólanum og boðar foreldra þeirra nemenda á fund til að leita lausna</li> </ul>
Skólasafn	Stuðningur-Námsver-Skjól	Námsefni - tillögur	Kennaraefni og handbækur	Skipulag skóla
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sögustundir-verkefnavinna</li> <li>• Lestrarsprettur</li> <li>• Bækur valdar af áhuga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Snemmtæk íhlutun - stuðningur, sérkennsla og skimanir</li> <li>• Ráðgjöf hjá sérkennara</li> <li>• Lesferill hliðarpróf; orðleysupróf og sjónrænn orðaforði</li> <li>• Lestrarfærninámskeið</li> <li>• Sandleikur-sögugerð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrartextar við hæfi</li> <li>• Léttlestrarbækur</li> <li>• Léttar lestrarbækur af safni</li> <li>• Lestrarlandið</li> <li>• Ritrún 1</li> <li>• Ótrúleg eru ævintýrin</li> <li>• Valin ljóð</li> <li>• Lesskilnings- og/eða hlustunarverkefni</li> <li>• Tölvuforrit</li> <li>• Smáforrit</li> <li>• Námspil</li> <li>• Skrift 1</li> <li>• Leir - sandur - munasafn o.fl. efni fyrir skapandi vinnu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslenska í 1. og 2. bekk handbók kennara</li> <li>• Leið til læsis, handbók</li> <li>• Ég get lesið</li> <li>• Ljáðu mér eyra</li> <li>• Leggðu við hlustir</li> <li>• Markviss málörvun</li> <li>• Eflum lesskilning</li> <li>• Lestrarbókalistar</li> <li>• Fjölgreindir í skólastofunni</li> <li>• Fluglæsi</li> <li>• Mappa á sameign: <b>Lestur</b></li> <li>• Handbækur kennara af skólasafni númeraðar: 370-372.8, 410, 790 og 810-819</li> <li>• nams.is</li> <li>• 123skoli.is</li> <li>• skolvafurinn.is</li> <li>• kritin.is</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja viðmið um lestrarhraða á vitnisburðarblöð</li> <li>• Hvetjandi lestrarmenning skólans</li> <li>• Föstudagssamvera með áherslu á skýra framsögn og góðan upplestur</li> <li>• Foreldrum kynntar valdar lestraraðferðir</li> <li>• Heimsóknir rithöfunda</li> <li>• Vinabekkjarheimsókn 5. bekkjar þar sem nemendur skiptast á að lesa fyrir hvorn annan</li> </ul>

## 2. bekkur

## Stefnumörkun fyrir 2. bekk

### Grunnstoðir: Orðaforði, lesskilningur, skapandi tjáning, rökræður

Markmið-efnisþættir-inntak	Viðmið um árangur	Kennsluaðferðir og áherslur	Matstæki	Annað
Tækni-leikni-hraði	Færni		Kannanir og próf	Hlutverk foreldra
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrartextar við hæfi</li> <li>• Leshraði og liðleiki aukinn</li> <li>• Lesið eftir punkti og kommu</li> <li>• Lesskilningur</li> <li>• Framsögn</li> <li>• Lestur á myndritum</li> <li>• Áhugi vakinn á texta í umhverfinu</li> <li>• Fingur notaður sem stuðningur við lestur</li> <li>• Lesið fyrir nemendur</li> <li>• Kórlestur, endurtekinn lestur, flettisþjöld (sjá sameign)</li> <li>• Unnið með rím, samsett orð og orðbúta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Les fyrirstöðulítið aldurssvarandi texta</li> <li>• Þekkir sérhljóða og samhljóða</li> <li>• Greinir mun á einföldum/tvöföldum samhljóða</li> <li>• Les samhljóðasambönd</li> <li>• Nemur staðar við punkt</li> <li>• Nemandi nái merkingu texta sem lesinn er</li> <li>• Finnur upplýsingar í texta</li> <li>• Endursegir lesið efni</li> <li>• Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni</li> <li>• Markmið leshraða að vori, orð á mínútu: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Lágmarksviðmið 40 orð</li> <li>-Almenn viðmið 85 orð</li> <li>-Metnaðarfull viðmið 100 orð</li> </ul> </li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hljóðaaðferð</li> <li>• LTG</li> <li>• Markviss málörvun</li> <li>• Hljóðgreiningarverkefni</li> <li>• Algengar orðmyndir: flettisþjöld, orðasafn, samsett orð/orðbútar, orðarbingó, orðaspil, orðasamstæðuspil</li> <li>• Lesskilningur þjálfaður</li> <li>• Heimalestur daglega</li> <li>• Daglegur lestur í skóla</li> <li>• Nemendur lesa einstaklingslega fyrir kennara 3 sinnum í viku</li> <li>• Samlestur</li> <li>• Paralestur</li> <li>• PALS lestur</li> <li>• Þemavinna: sögustundir, rökræður, hugmyndaflug, myndræn útfærsla</li> <li>• Unnið með rím og ljóð</li> <li>• Atkvæði klöppuð í orðum</li> <li>• Sundurgreining hljóða</li> <li>• Forhljóð, miðjuhljóð og endahljóð</li> <li>• Heimildaleit, t.d. fletta myndabókum, lesa undir myndum og leita upplýsinga á netinu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesferill; lesfimi (lestrarhraði) prófaður 3 á ári eftir getu</li> <li>• Lesskimun (okt.); nefnuhraðapróf, sjónrænn orðaforði og orðleysupróf (einstaklingsbundið)</li> <li>• Lesferilspróf: stafsetning, lesskilningur (væntanlegt)</li> <li>• Læsissskimun (2 á ári)</li> <li>• Stafsetningarkönnun úr Aston Index (2 á ári)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldrum kynntar lestraraðferðir skólans</li> <li>• Foreldrar hvattir til að lesa með börnum sínum og fyrir þau</li> <li>• Foreldrar ræði við börnin um efni textans, spyrji þau út í efnið og þjálf þannig lesskilning og orðaforða</li> <li>• Foreldrar hjálpi börnum sínum við lestur í 10-15 mínútur 5 sinnum í viku að lágmarki og kvitti fyrir í heimalestrarhefti</li> </ul>

Skilningur	Viðhorf		Símat og daglegt eftirlit	Hlutverk kennara
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið út frá áhugasviði nem.</li> <li>• Áhugi á texta í umhverfinu</li> <li>• Lestur fyrir mæla</li> <li>• Unnið markvisst að því að vekja áhuga nemenda á lestri og hlustun</li> <li>• Þjálfar rökræður</li> <li>• Örva skapandi tjáningu</li> <li>• Ályktunarhæfni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jákvætt viðhorf til lesturs</li> <li>• Áhugi á yndislestri</li> <li>• Lesi, skoði bækur eða hlusti á lestur allt að 40 mínútum á dag í skóla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umskráning frá hljóðum yfir í orð</li> <li>• Grunnur að lesfimi lagður</li> <li>• Orðaforði eflður</li> <li>• Grunnur að ritun lagður</li> <li>• Lesfimi þjálfuð</li> <li>• Lesskilningur þjálfuð</li> <li>• Unnið með ritun</li> <li>• Umræður um efni texta</li> <li>• Nemendur endursegja texta</li> <li>• Hugarkort</li> <li>• Gagnvirkur lestur -grunnur lagður</li> <li>• Bókarýni</li> <li>• Lestur mismunandi texta</li> <li>• Flutningur á eigin texta</li> <li>• Kennari les fyrir nemendur daglega og útskýrir orð, merkingu og innihald texta</li> <li>• Yndislestur - stýrður</li> <li>• Endurtekinn lestur</li> <li>• Ritun</li> <li>• Ritun í dagbók</li> <li>• Rétt blýantsgrip þjálfuð</li> <li>• Bekkjarbókasafn</li> <li>• Lestrarhvetjandi umhverfi: námsbækur, fræðibækur, skáldrit, púsl, spil, námsleikir í tölvum og spjaldtölvum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningspróf tvisvar á ári, t.d. Lesmál að vori</li> <li>• Markviss skráning kennara á lestrarframvindu nemenda</li> <li>• Hlustunarkönnun kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skráning og eftirfylgni kennara með heimalestri</li> <li>• Kennari skrái ástundun í heimalestri á vitnisburðablað sem vetrareinkunn</li> <li>• Kennarar lesi fyrir bekkinn í nestis- og næðisstundum valin bókmenntaverk</li> <li>• Kennari les fyrir nemendur daglega og útskýrir orð, hugtök, merkingu og innihald texta</li> <li>• Rökræður út frá sögu</li> <li>• Unnið með orðaforða, málvitund og málskilning</li> <li>• Ef nemandi les ekki heima alla jafna þá þarf umsjónarkennari að tryggja að hann lesi daglega í skólanum og boðar foreldra þeirra nemenda á fund til að leita lausna</li> </ul>
Skólasafn	Stuðningur-Námsver-Skjól	Námsefni- tillögur	Kennaraefni og handbækur	Skipulag skóla
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sögustundir-verkefnavinna</li> <li>• Safnfræðsluverkefni (áhersla á lesskilning)</li> <li>• Bækur valdar út frá áhugasviði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Snemmtæk íhlutun - stuðningur, sérkennsla og skimanir</li> <li>• Ráðgjöf hjá sérkennara</li> <li>• Lesferill hliðarpróf; orðleysupróf,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrartextar við hæfi</li> <li>• Líttlestrarbækur</li> <li>• Líttar lestrarbækur af safni</li> <li>• Lesum lipurt</li> <li>• Fimm vinir</li> <li>• Lesskilningsverkefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Íslenska í 1. og 2. bekk - handbók kennara</li> <li>• Lesum lipurt I</li> <li>• Ég get lesið</li> <li>• Ljáðu mér eyra</li> <li>• Markviss málörvun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja viðmið um lestrarhraða á vitnisburðarblöð</li> <li>• Hvetjandi lestrarmenning skólans</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðbeina við val á bókum, t.d. kápa, letur, myndir og bakhlið</li> <li>• Leiðbeina við val á bókum, t.d. kápa, letur, myndir og bakhlið</li> <li>• Þekking á titlum og höf.</li> <li>• Yndislestur</li> <li>• Lestrarsprettur</li> </ul>	<p>nefnuþráðapróf og sjónrænn orðaforði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrarfærniámskeið</li> <li>• Sandleikur og sögugerð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ritrún 2</li> <li>• Valin ljóð</li> <li>• Tölvuforrit</li> <li>• Námsspil</li> <li>• Sögurammi</li> <li>• Skrift 2</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eflum lesskilning</li> <li>• Lestrarbókalistar</li> <li>• Fjölgreindir í skólastof.</li> <li>• Fluglæsi</li> <li>• Mappa á sameign: <b>Lestur</b></li> <li>• Handbækur kennara af skólasafni númeraðar: 370-372.8, 410, 790 og 810-819</li> <li>• nams.is</li> <li>• 123skoli.is</li> <li>• skolavefurinn.is</li> <li>• kritin.is</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Föstudagssamvera með áherslu á skýra framsögn og góðan upplestur</li> <li>• Vinabekkjarmeisókn 6. bekkjar þar sem nemendur skiptast á að lesa fyrir hvorn annan</li> <li>• Heimsóknir rithöfunda</li> </ul>
--	---	--	---	--

### 3. bekkur

Stefnumörkun fyrir 3. bekk				
Grunnstoðir: Orðaforði, lesskilningur, skapandi tjáning, rökræður				
Markmið-efnisþættir-inntak	Viðmið um árangur	Kennsluáðferðir og áherslur	Matstæki	Annað
Tækni-leikni-hraði	Færni		Kannanir og próf	Hlutverk foreldra
